



Kópavogi, 26. janúar 2023
2212624/102.16 RH

Efni: Tillögur að áherslum forvarnarsjóðs og tímasetningar vegna úthlutunar úr sjóðnum 2023

Tillaga að áherslu menntaráðs 2023

Lögð verði áhersla á verkefni sem tengjast Lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, Lýðheilsustefnu Kópavogsbæjar og Menntastefnu Kópavogsbæjar.

Eftirfarandi áherslur verða hafðar að leiðarljósi við val á verkefnum:

Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna

2.gr.

Almenn þjónusta í þágu farsældar barns: Allt skipulagt starf annarra en þjónustuveitenda sem á þátt í að stuðla að farsæld barns, t.d. þjónusta sjálfstætt starfandi sérfræðinga, íþrótta-, lista- og æskulýðsstarf og starfsemi frjálsra félaga- og hagsmunasamtaka.

Menntastefna Kópavogsbæjar

M.2 Snemmtækur stuðningur, forvarnir og fræðsla fyrir börn og foreldra

Í Kópavogi verði lögð áhersla á snemmtækan stuðning, forvarnir og markvissa fræðslu í allri þjónustu við börn og fjölskyldur. Þjónustan er skipulögð þannig að hún mæti einstaklingsbundnum þörfum notenda á heildstæðan og skilvirkan hátt. Fyrirbyggjandi forvarnaraðgerðir og snemmtækur stuðningur við börn og fræðsla til foreldra byggja á rýningu gagna, tölfræðilegum upplýsingum og viðurkenndum aðferðum. Starfsfólk bregst við ef upplýsingar gefa til kynna að grípa þurfi inn í aðstæður hjá einstaklingum eða hópum. Þar sem við á er þjónusta samþætt á milli mennta- og velferðarsviðs.

M.3.1 Samvinna við foreldra og reglubundin endurgjöf

Skólar eru hjartað í hverju skólahverfi til náms, samveru, frístunda og leikja. Önnur mannvirki í eigu bæjarfélags verði íbúum einnig aðgengileg. Áhersla á að vikrja foreldra til þátttöku í skólsamfélaginu og að þeir fái til þess fjölþættan stuðning. Áhersla verði á aðgengi að fjölbreyttir fræðslu til foreldra áður en barn byrjar í leikskóla og þar til það verður 18 ára, auk annarskonar stuðnings.

Lýðheilsustefna Kópavogsbæjar hefur það að markmið að Kópavogsbær sé jákvætt heilsueflandi samfélag sem stuðlar að velliðan og öryggi meðal bæjarbúa á öllum aldursskeiðum með jöfnuði til heilsu að leiðarljósi.

Ein af stefnuáherlsum lýðheilsstefnu er geðrækt. Að auka þekkingu meðal íbúa á mikilvægi góðrar geðheilsu, geðræktar og að draga úr fordómum með fræðslustarfi. Lögð verður einnig áhersla á að innleiða geðrækt í námi barna.

Tillaga að tímasetningum:

- Auglýst verði eftir umsóknum 13. mars 2023.
- Umsóknarfrestur verði til og með 16. Apríl 2023.
- Valnefnd fundar 24.apríl, niðurstöður lagðar fyrir menntaráð 2. maí 2023.
- Afhending styrkja verði stefnt að 8. maí kl. 17:00.

Annað:

- Kjósa valnefnd á menntaráðsfundi, samkv. reglum forvarnarsjóðs.
- Mikilvægt að menntaráðsmenn dreifi auglýsingu.

Virðingarfyllst,

Amanda K. Ólafsdóttir
Deildastjóri frístundadeildar

Ragnheiður Hermannsdóttir
Deildastjóri grunnskóladeild

